

48. Fundur bæjarráðs Blönduóssbæjar þriðjudaginn 28. maí 2008, kl. 16:15.

Formaður bæjarráðs, Héðinn Sigurðsson setti fundinn og stjórnaði honum.
Bæjarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.

Dagskrá:

1. Fundargerðir:
 - a) Stjórnarfundur SSNV 13. apríl 2008
 2. Vinnuskóli Blönduóss
 3. Ársþing SSNV 19.-20. september 2008
 4. Vinabæjarmót í Karlstad
 5. Trúnaðarmál
 6. Úrskurður umhverfissráðuneytisins vegna stjórnsýslukæru Leiðar ehf. dags. 9. maí 2008
 7. Aðalfundur Landskerfis bókasafna hf.
 8. Bréf frá Óbyggðanefnd dags. 23. (apríl) 2008
 9. Bréf frá Hafnasambandi Íslands dags. 8. maí 2008
 10. Sigurður Jóhannesson kynnir framleiðslu á Biodiesel
 11. Önnur mál
-

Afgreiðslur:

1. Fundargerðir:
 - a) Stjórnarfundur SSNV 13. apríl 2008
Lögð fram til kynningar.
2. Vinnuskóli Blönduóss
Bæjarráð samþykkir að 13 ára unglingum verði boðið að skrá sig í vinnuskóla Blönduóss í einn mánuð.
3. Ársþing SSNV 19.-20. september 2008
Ársþing SSNV verður haldið á Siglufirði 19.-20. september 2008.
4. Vinabæjarmót í Karlstad
Vinabæjarmót „Ledartraff“ verður haldið í Karlstad í Svíþjóð daganna 23.-26. júní.

Vísað til æskulýðs-og tómstundanefndar til afgreiðslu
5. Trúnaðarmál
Fært í trúnaðarbók.
6. Úrskurður umhverfissráðuneytisins vegna stjórnsýslukæru Leiðar ehf. dags. 9. maí 2008
Ákvörðun Skipulagsstofnunar um að fallast ekki á tillögu Leiðar ehf. að matsáætlun vega við Svínavatn í Húnavatnshreppi og Blönduósbæ (Svínavatnsleið) var staðfest af umhverfissráðuneyti.
7. Aðalfundur Landskerfis bókasafna hf.
Aðalfundur Landskerfis bókasafna hf. verður haldinn föstudaginn 30. maí að Borgartúni 37 í Reykjavík.

Málefni bókasafns rædd.

8. Bréf frá Óbyggðanefnd dags. 23. (apríl) 2008

Með bréfi sínu er óbyggðanefnd að útlista skiptingu umfjöllunarsvæðis 7 í syðri og nyrðri hluta. Til umfjöllunar nú er syðri hluti.

9. Bréf frá Hafnasambandi Íslands dags. 8. maí 2008

Ársreikningur Hafnarsambandsins lagður fram.

10. Sigurður Jóhannesson kynnir framleiðslu á Biodiesel.

Sigurður Jóhannesson mætti til að gera grein fyrir framleiðslu á Biodiesel.

Sigurður leggur til að farið verði í þarfragreiningu á fitulosun í héraðinu.

Bæjarstjóra falið að skipa starfshóp í verkefnið.

11. Önnur mál

a) Fundargerð heilbrigðisnefndar frá 27. maí 2008

Í fjórða lið fundargerðarinnar er lögð fram tillaga um hækkun gjaldskrár og framlag sveitarfélaga frá 1. júlí 2008 um 7%.

Bæjarráð samþykkir hækkunina fyrir sitt leyti.

b) Húsnæðismál

Bæjarstjóra falið að setja Skúlabraut 43 í sölumeðferð.

c) Íbúafundur

Bæjarstjóri greindi frá íbúafundi sem verður haldinn fimmtudaginn 5. júní 2008. Á fundinum verður farið yfir ársreikning sveitarfélagsins 2007, fyrirhugaða byggingu sundlaugar og aðrar framkvæmdir á árinu 2008.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið 19:10

Arnar Þór Sævarsson (sign.)

Héðinn Sigurðsson(sign.)

Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson(sign.)

Ágúst Þór Bragason(sign.)

Áheyrnarfulltrúi:

Valdimar Guðmannsson(sign.)